# AÐALSKIPULAG SVALBARÐSSTRANDARHREPPS 2008-2020

## Breyting á aðalskipulagi, Veigastaðavegur frá Vaðlaheiðarvegi að sveitarfélagsmörkum




Staðfest aðalskipulag 5.9.2008




Breytt aðalskipulag — - — Breyting Mkv.: 1:20.000

### Greinargerð

Sveitarstjórn Svalbarðsstrandarhrepps leggur til að aðalskipulagi Svalbarðsstrandarhrepps 2008-2020 verði breytt á eftirfarandi hátt:

Hluta Veigastaðavegar nr. 828 frá vegamótum við Vaðlaheiðarveg að sveitarfélagsmörkum í suðri er breytt úr tengivegi í héraðsveg til samræmis við breytingu á vegaskrá Vegagerðarinnar.

Aðalskipulag Svalbarðsstrandarhrepps 2008-2020 var unnið í samræmi við þágildandi vegaskrá og skipulagsreglugerð. Á uppdrætti eru sýndir þrír vegflokkar, stofnbrautir, tengibrautir og safngötur/landsvegir. Héraðsvegir skv. nýrri vegaskrá falla flokk safngatna að því marki sem þeir eru sýndir á aðalskipulagsuppdrætti.

#### Breyting á greinargerð

**Kafli 6.1.1 Vegakerfi utan þéttbýlis.**

Breyting á lista í kafla 6.1.1.

**Gildandi skipulag**

| Vegnúmer | Heiti | Vegflokkur |
|---|---|---|
| 828 | Veigastaðavegur | Tengivegur |

**Breytt skipulag:**

| Vegnúmer | Heiti | Vegflokkur |
|---|---|---|
| 828 | Veigastaðavegur | Tengivegur, héraðsvegur |

#### Breyting á skipulagsuppdrætti

Framsetningu er breytt og viðkomandi hluti Veigastaðavegar sýndur sem safnvegur.

#### Áhrifamat

Breytingin á við skilgreiningu á flokkun vega og felur ekki í sér heimild til framkvæmda. Með breytingunni færist hluti Veigastaðavegar niður um vegflokk, sem felur í sér mildari kröfur gagnvart nálægri byggð.

Áhrif breytinganna á hagsmuni annarra en sveitarfélags og Vegagerðar eru talin vera óveruleg eða jákvæð.

Breytingin er óveruleg og hefur engin áhrif á umhverfi, náttúrufar eða minjar.

#### Málsmeðferð

Tillaga um aðalskipulagsbreytingu þessa var samþykkt í sveitarstjórn Svalbarðsstrandarhrepps 26/9 2013. Breytingin er óveruleg og gerð í samræmi við 2. mgr. 36. gr. Skipulagslaga nr. 123/2010.

### SKÝRINGAR

Mörk skipulagssvæðis

LANDNOTKUN

- Þéttbýli, þéttbýlismörk
- L1 Landbúnaðarsvæði L1
- L2 Landbúnaðarsvæði L2
- L3/4 Landbúnaðarsvæði L3/4
- Íb Íbúðarsvæði
- F Frístundabyggð
- V Verslunar- og þjónustusvæði
- S Svæði fyrir þjónustustofnanir
- A Athafnasvæði
- I Iðnaðarsvæði
- H Hafnarsvæði
- O Opin svæði til sérstakra nota
- Óbyggð svæði
- N Efnistökusvæði
- Blönduð landnotkun
- Sjóvarnargarður
- Merking landnotkunarreita

TAKMÖRKUN Á LANDNOTKUN

- Hverfisverndarsvæði
- Vatnsverndarsvæði
  - Brunnsvæði
  - Grannsvæði
  - Fjarsvæði
- Fornminjar
- Lárétt hönnunarhröðun í jarðskjálftum

SAMGÖNGUKERFI

- Stofnbraut
- Stofnbraut, jarðgöng
- Tengibraut
- Safngata, landsvegur
- Aðalgöngu- og hjólastígar
- Megin útivistarstígur
- Reiðleið

STOFNLAGNIR VEITUKERFA

- Rafveita, loftlína
- Rafveita, jarðstrengur
- Hitaveita
- Vatnsveita
- Ljósleiðari
- Fráveita, útrás

Aðalskipulagsbreyting þessi var samþykkt í sveitarstjórn Svalbarðsstrandarhrepps 26/9 2013.
Breytingin er óveruleg og er gerð í samræmi við 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr.123/2010,

Svalbarðseyri 1/10 2013

sveitarstjóri

Aðalskipulagsbreyting þessi var staðfest af Skipulagsstofnun þann 7. okt. 2013

Auglýsing um gildistöku birtist í B-deild Stjórnartíðinda ____________.

## SVALBARÐSSTRANDARHREPPUR

**BREYTING Á AÐALSKIPULAGI**
Veigastaðavegur frá Vaðlaheiðarvegi að sveitarfélagsmörkum

| | |
|---|---|
| Verk: 12-127 | |
| Unnið af: áó | |
| Mælikvarði: A3, 1:20.000 | |
| Dagsetning: 24.9.2013 | |


TEIKNISTOFA ARKITEKTA
GYLFI GUÐJÓNSSON OG FÉLAGAR ehf
arkitektar faí
KAUPANGI V/MÝRARVEG
600 AKUREYRI
SÍMI 461 5508
NETFANG: arni@teikna.is
VEFFANG: www.teikna.is